

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 171/2015

2016/EES/69/42

frá 11. júní 2015

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1361/2014 frá 18. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 3 og 13, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 40 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 106.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/28 frá 17. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 2, 3 og 8, og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 16, 24 og 38 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/29 frá 17. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 19 ⁽³⁾.
- 4) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32014 R 1361**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1361/2014 frá 18. desember 2014 (Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 120), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 106,
- **32015 R 0028**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/28 frá 17. desember 2014 (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2015, bls. 1),
- **32015 R 0029**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/29 frá 17. desember 2014 (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2015, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1361/2014, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 106, (ESB) 2015/28 og (ESB) 2015/29, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 120.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2015, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2015, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.